



HVERAGERÐISBÆR

Minnisblað

Berist til bæjarráðs
Frá: Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra

Dags. 14. júlí 2020

Varðar: reglur um smáhýsi, girðingar og skjólveggi.

Undirrituð leggur til við bæjarráð að eftirfarandi reglur verði samþykktar í Hveragerðisbæ fyrir alla skjólveggi, girðingar á lóðamörkum og smáhýsi. Rétt er að hnykkja á því að reglurnar eru settar sem viðbót við ákvæði byggingareglugerðar til einföldunar á afgreiðslum mála:

Meginreglan er að ákvæði byggingareglugerðar gildi um alla skjólveggi, girðingar og smáhýsi í Hveragerði nema ákvæði deiliskipulags segi til um annað.

Gerð er tillaga um eftirfarandi undantekningar frá þeirri meginreglu:

1. Girðingar og skjólveggir allt að 1 m að hæð er liggja að lóðamörkum Hveragerðisbæjar eru heimilar enda séu þær ekki lokaðar með öllu heldur lofti í gegnum þær. Bárujárn, vínet og gaddavír er óheimilt að nota á lóðamörkum í bæjarféluginu.
2. Smáhýsi í bakgörðum húsa skulu vera a.m.k. hálfan metra frá lóðamörkum Hveragerðisbæjar séu það opin, óbyggð græn svæði og/eða göngustígur(ekki gangstétt) á milli lóða og hálfan metra frá lóðamörkum nágranna sé um það samkomulag milli lóðarhafa.
3. Lóðarhafar skulu ávallt leitast við að staðsetja smáhýsi á baklóðum enda geta slík hýsi á framlóðum valdið truflun á götumynd og í verstu tilfellum valdið skertri yfirsýn með tilliti til umferðar.
4. Allar framkvæmdir sem ekki falla að byggingareglugerð eða fyrrgreindum undantekningum eru háðar samþykki skipulags- og mannvirkjanefndar og ber að leita samþykkis áður en framkvæmdir hefjast.

Virðingarfyllst

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri

